

**Undirbúningsfélag
Verðbréfaskráningar Íslands hf.**

Alþingi
Erindi nr. P 122/129
komudagur 19.11.1997

Reykjavík, 18.nóvember 1997.

Alþingi,
Efnahags- og viðskiptanefnd,
Hr. Vilhjálmur Egilsson, formaður,
Austurvelli,
101 Reykjavík.

Varðar: Athugasemdir við frumvarp til laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa.

Undirbúningsfélag Verðbréfaskráningar Íslands hf. hefur fengið til umsagnar framangreint frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi og hefur verið vísað til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd. Undirbúningsfélag Verðbréfaskráningar Íslands hf. (UVÍ) var stofnað í júní s.l. af 4 hluthöfum; eignarhaldsfélagi banka, sparisjóða og verðbréfafyrirtækja (4/7), eignarhaldsfélagi lífeyrissjóða (1/7), eignarhaldsfélagi hlutafélaga skráðra á Verðbréfaþingi Íslands (1/7), og ríkissjóði (1/7). Tilgangur félagsins er að hafa með höndum rekstur verðbréfamiðstöðvar á grundvelli lagasetningar þeirrar sem frumvarpið fjallar um. UVÍ vill koma á framfæri við nefndina athugasemdum við einkanlega tvö atriði.

1. Hlutlæg skaðabótaábyrgð:

Annars vegar er um að ræða athugasemdir við 3.mgr. 28.gr. frumvarpsins, og síðasta málslið 2.mgr. 20.gr. Í greinum þessum er lögð á verðbréfamiðstöð hlutlæg skaðabótaábyrgð á tjóni sem grandlausir aðilar kunna að verða fyrir vegna fölsunar eða meiri háttar nauðungar.

Eðlilegt er að verðbréfamiðstöð axli ábyrgð á eigin mistökum. UVÍ gerir heldur ekki athugasemd við að verðbréfamiðstöð axli hlutlæga ábyrgð á tjóni í tilteknum tilvikum þótt ekki hafi verið sýnt fram á að um mistök hafi verið að ræða af hálfu verðbréfamiðstöðvar, eða tjónið verði rakið til mistaka reikningsstofnunar. Athugasemdir UVÍ lúta hins vegar að því fráviki frá viðurkenndum almennum reglum skaðabótaréttar sem fyrrnefndar greinar endurspeгла, þ.e. að aðrar réttarreglur skuli gilda um verðbréf í rafrænu formi en verðbréf í formi pappírs, að þessu leyti.

Í íslenskum rétti er reglan sú að mótbárur sem lúta að meiri háttar nauðung eða fölsun glatast ekki (sbr. 2.málsliður 19.gr.frv.). Sem dæmi: A er eigandi verðbréfs. A er síðan beittur meiri háttar nauðung af B til að framselja B verðbréfið, eða B falsar framsal til sín. B selur síðan grandlausum C verðbréfið. Þrátt fyrir grandleysi C getur

A borið fyrir sig meiriháttar nauðung eða fölsun til ógildingar á samningi B og C. C á þá skaðabótakröfu á hendur B, en ber sitt tjón sjálfur reynist innheimta bótakröfunnar árangurslaus að hluta eða öllu leyti. Með umræddum greinum í frumvarpinu er verðbréfamiðstöð hins vegar ætlað að axla ábyrgð í tilvikum af þessu tagi og bæta C tjón hans. M.ö.o. aðrar réttarreglur skuli gilda að þessu leyti þegar um rafbréf er að ræða en gildir almennt um verðbréf.

Með hvaða rökum væri löggjafinn að víkja frá gildandi rétti? Af hverju eiga aðrar réttarreglur að gilda um rafbréf en gildir um verðbréf á pappírformi? Hvaða rök eru fyrir því að C skuli vera betur settur með rafbréf en verðbréf á pappírformi?

UVÍ hefur reynt að afla sér upplýsinga um af hverju þessi ákvæði eru í frumvarpinu. Frumvarpið styðst við dönsk lög og þar er að finna hliðstæð ákvæði. Dönsku löginn voru sett á árinu 1981 þegar Danir komu á fót verðbréfamiðstöð, með einkaleyfi til rafrænnar skráningar. Skv. upplýsingum frá viðskiptaráðuneytinu íslenska var ástæðan fyrir því að þessi ákvæði voru tekin í dönsku löginn árið 1981 sú að nauðsynlegt þótti að skapa víðtækt traust á breytingunni í rafræna skráningu verðbréfa. Danska verðbréfamiðstöðin var þá látin axla ríka ábyrgð á hinu nýja fyrirkomulagi, meðal annars á tjóni í fyrrgreindum tilvikum. Ekki hafa komið fram nein önnur rök fyrir málinu, þ.e. efnislegar ástæður sem rekja má til þeirrar breytingar sem felst í rafrænni skráningu í stað pappírs verðbréfa, breytinga sem gerðu fyrrnefndan C lakar settan en áður og honum óhægara um vik að verjast ógildingunni vegna fölsunar eða meiri háttar nauðungar.

Danska löggjöfin var síðan endurskoðuð fyrir nokkrum árum. Einkaleyfi dönsku verðbréfamiðstöðvarinnar var afnumið og einstakar reikningsstofnanir voru gerðar ábyrgari en verið hafði og öxluðu ábyrgð á eigin mistökum sem verðbréfamiðstöðin hafði áður borið. Fyrrnefnd ákvæði stóðu þó efnislega óbreytt eftir þá endurskoðun laganna.

Vitund og þekking almennings á tölvubúnaði var á árinu 1981 allt önnur og takmarkaðri þá, og notkun rafrænna samskipta mun minni og óáreiðanlegri þá en er í dag. Nú er millifærsla fjármuna og varðveisla verðmæta með rafrænum hætti hluti af daglegu lífi almennings og fjárfesta. Ekki skal hér dregið úr mikilvægi þess að skapa víðtækt traust á rafrænni skráningu hér á landi. En þó að á sínum tíma hafi þótt rétt, til að auka tiltrú, að láta dönsku verðbréfamiðstöðina bæta títtnefndum C tjón sitt í fyrrnefndum tilvikum er ekki þar með sagt að það skuli einnig gert í hinni íslensku löggjöf, sextán árum síðar. Því hljóta að ráða efnisleg rök en ekki tilfinningaleg. Þótt fyrrnefnd ákvæði kunni að vera til þess fallin að auka traust á rafrænni skráningu verðbréfa má jafnframt halda því fram að slík breyting sé til þess fallin að rýra tiltrú á réttarfarinu að öðru leyti, ef eitt á að gilda um rafbréf en annað um verðbréf á pappírformi. Tiltrú almennings og viðskiptalífsins á rafrænni skráningu á Íslandi munu ráðast af öðrum ástæðum en hvernig háttað er ábyrgð vegna fölsunar og meiri háttar nauðungar. Það traust sem viðskiptalífið mun leggja upp úr felst í traustari varðveislu verðbréfa, traustari miðlun verðmæta milli aðila en nú er og traustari miðlun afborgana og vaxta frá útgefanda verðbréfa til eigenda þeirra.

Eins og rakið hefur verið hér að framan skortir að mati UVÍ efnisleg rök fyrir fyrrnefndum ákvæðum í frumvarpinu, og þau rök sem færð hafa verið fyrir hliðstæðum ákvæðum í dönsku lögnum eigi ekki við nú. Því beinir UVÍ því til

efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis að hún meti hvort ástæða sé til að fella umrædd ákvæði úr frumvarpinu.

Verði hins vegar niðurstaða nefndarinnar sú að ekki sé ástæða til að fella niður hlutlæga ábyrgð vegna meiri háttar nauðungar eða fölsunar vill UVÍ benda á eftirfarandi: Verðbréfamiðstöð mun skv. frumvarpinu ekki hafa bein samskipti við eigendur rafréfa vegna viðskipta heldur munu reikningsstofnanir hafa milligöngu um allar millifærslur verðbréfa og gefa verðbréfamiðstöð fyrirmæli þar um. Verðbréfamiðstöð tekur einungis við fyrirmælum frá reikningsstofnunum vegna þessara viðskipta. Reikningsstofnanir eru í viðskiptasambandi við eigendur verðbréfa, standa mun nær viðskiptunum og geta, amk. frekar en verðbréfamiðstöð, orðið þess áskynja að um fölsun eða meiri háttar nauðung kunni að vera ræða. Því er eðlilegra að reikningsstofnanir axli þá ábyrgð sem hér hefur verið fjallað um. Raunar má telja varasamt að firra reikningsstofnanir þessari ábyrgð og fjarlægja þar með hvata til að þær gefi því gaum hvort um fölsun eða meiriháttar nauðung geti verið að ræða. Það hlýtur að stangast á við þær eðlilegu kröfur sem gera verður til reikningsstofnana sem milligönguaðila í verðbréfavíðskiptum.


2. Innköllun verðbréfa til rafrænnar skráningar: Ákvæði til bráðabirgða II:

Ákvæðið tekur til þegar útgefna verðbréfa. Í greininni segir að “Í stað innkallaðra verðbréfa skal eignarskrá eignarréttindi yfir þeim í verðbréfamiðstöð og ógilda jafnframt hið áþreifanlega verðbréf”. Jafnframt segir að ráðherra setji reglugerð um nánari tilhögun innköllunar. Í greininni, eða athugasemdum með henni, kemur ekki fram hver verði staða þeirra áþreifanlegu verðbréfa sem af einhverjum ástæðum ekki er skilað inn til rafrænnar skráningar.

Það verður ákvörðun hvers útgefanda verðbréfa hvort hann kys að skrá tiltekinn útistandandi verðbréfaflokk með rafrænum hætti, ekki verðbréfamiðstöðvar. Þá ákvörðun þarf að tilkynna með opinberum hætti og veita tiltekinn frest til skila. Til að nauðsynlegt traust skapist á verðbréfamiðstöð er ákaflega mikilvægt að öllum áþreifanlegum verðbréfum í tilteknum verðbréfaflokki verði skilað inn til rafrænnar skráningar þannig að ekki verði bæði um rafréfið og pappírshréfið í sama flokki að ræða. Annars skapast hætta á mistökum eða erfiðleikum við miðlun afborgana og vaxta sem rýrt geta tiltrú á hinu nýja fyrirkomulagi. Í samskiptum UVÍ við dönsku verðbréfamiðstöðina hafa þeir eindregið varað við þessari hættu, byggt á þeirra reynslu. Því þarf að vera ótvírætt að kjósi útgefandi að skrá verðbréfaflokk með rafrænum hætti beri eigendum bréfa í þeim flokki að skila þeim inn til rafrænnar skráningar, það sé ekki valkvætt fyrir eigandann. Því beinir UVÍ því til efnahags- og viðskiptanefndar hvort ekki sé rétt að orða þetta með skýrari hætti í frumvarpinu. Þetta mætti gera með því að krafan falli niður eftir tiltekinn frest frá innköllun, eða eiganda pappírshréfa verði gert mun erfiðara um vik að krefja útgefanda um greiðslu vaxta eða afborgana, þannig að nægilegur þrýstingur skapist á að skila bréfum inn til rafrænnar skráningar.

UVÍ hefur einnig áhuga á að koma á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd ýmsum ábendingum um atriði sem tengjast frumvarpinu almennt og nokkur atriði sem betur mættu fara í frumvarpinu. Meðf. er listi yfir þessi atriði sem UVÍ lýsir sig reiðubúið að fjalla frekar um ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Undirbúningsfélags Verðbréfaskráningar Íslands hf.



Gunnlaugur Briem, framkv.stjóri.

Póstfang: c/o Þorsteinn Þorsteinsson, stjórnarform.
Búnaðarbanka Íslands - Verðbréf
Austurstræti 5,
150 R.

Sími: 5256000 (ÞÞ)
5699995 (GB)

Frumvarp til laga um rafræna skráningu verðbréfa

Ábendingar Undirbúningsfélags Verðbréfaskráningar Íslands hf. um atriði sem frumvarpið tekur ekki á eða mættu betur fara:

1. Seðlabankinn sem reikningsstofnun undir eftirliti bankaeftirlits Seðlabankans: Samræmist það almennum viðurkenndum jafnræðis- og hlutlægnisreglum að Seðlabankinn sé reikningsstofnun, undir eftirliti Bankaeftirlits Seðlabankans? Til hugleiðingar: Er ástæða til að aðskilja eftirlit með bankastarfsemi og verðbréfavíðskiptum frá Seðlabanka Íslands..
2. Nauðsynlegar breytingar á öðrum lögum samhliða eða í kjölfar gildistöku laganna: Þrátt fyrir 36.gr. frv. er nauðsynlegt að gera breytingar m.a. á eftirgreindum lagaákvæðum:
 - 4.gr.l. 75/97 um sammingsveð.
 - 57.gr.l. 90/89 um aðför.
 - 4.mgr.74.gr.l. 21/91 um gjaldþrotaskipti
 - 2.mgr.20.gr., 23.gr. og 2.mgr.25.gr.l. um kyrrsetningu og lögbann.
 - 5.mgr.48.gr.l.39/78 um þinglýsingar
 - 31.gr.l.2/95 um hlutafélög.
3. Breyting á lögum um staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts vegna söluhagnaðar skuldabréfa: Með rafrænni skráningu skuldabréfa verður ekki unnt að innheimta þennan skatt í staðgreiðslu og breyta þarf lögnum til samræmis. Ennfremur viss hættu varðandi uppsafnaða vexti af kúlubréfum.
4. Orðalag 20.gr.: “Verðbréfamiðstöð hefur milligöngu um millifærslu fjármuna”: Þessi setning tekur einnig til arðs af hlutabréfum. Þ.e. ef hlutabréf eru skráð á rafrænu formi sér Verðbréfamiðstöð um miðlun arðs til hluthafanna, ekki hlutafélagið.
5. Skýrari skilgreining á verðbréfamiðstöð í 2.gr. frumvarps: Skilgreining á verðbréfamiðstöð er mjög takmörkuð miðað við margþætt hlutverk hennar. Verðbréfamiðstöð mun m.a. annast eignaskráningu, samanburð viðskiptatilkynninga, gefa greiðslufyrirmæli út af og inn á reikninga reikningsstofnana og taka þátt í greiðslumiðlun arðs, afborgana og vaxta af verðbréfum.
6. Staðsetning á 34.gr.: Greinin tengist 20.gr. frumvarpsins og mætti fella inn í þá grein.
7. Breyting á 27.gr. vegna tilkynninga um úrskurð kæruneftdar. Í 4.mgr.25.gr. er ákvæði um að úrskurður skuli tilkynntur en enginn frestur tilgreindur í því sambandi. Telja verður eðlilegra og öruggara að miða frestinn í 1.mgr. 27.gr. við þann tíma er úrskurður var tilkynntur aðila.
8. Aðild Verðbréfaþings Íslands að samráðsnefnd um efndalok skv. 15.gr.: Skv. lögum skal Verðbréfaþingið m.a. setja reglur um efndalok í viðskiptum með verðbréf. Því má telja eðlilegt að Verðbréfaþingið eigi aðild að samráðsnefndinni.